



Eitt af verkum Lýðs; Góa.

Málverkasýning á Kjarvalsstöðum

LÝÐUR Sigurðsson hefur opnað sýningu á Kjarvalsstöðum og sýnir þar 19 verk.

Lýður er fæddur 27. maí 1952 á bænum Glerá í Kræklingahlíð við Akureyri. Lýður lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar árið 1970. Árið 1971 hóf hann nám í húsgagnasmíði og útskrifaðist frá Iðnskólanum á Akureyri haustið 1974. Um 1970 hóf Lýður að sækja myndlistarnámskeið sem haldin voru á Akureyri á kvöldin. Árið 1982 flutti Lýður til Reykjavíkur og hóf þá að sækja kvöldnámskeið við Myndlistarskólann í Reykjavík í tvö ár undir handleiðslu Hrings Jóhannessonar.



Lýður Sigurðsson.

Lýður hélt einkasýningu í Gallerí Háhól á Akureyri 1977 og í Iðnskólanum á Akureyri 1982. Einnig hefur hann tekið þátt í samsýningum á Norðurlandi og UM sýningunni að Kjarvalsstöðum 1983.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er opin alla daga kl. 14.00-22.00 og lýkur sunnudaginn 22. nóvember.

Kanaríeyjakvöld á Óperu

Haldið var upp á Kanaríeyjadaga á veitingahúsinu Óperu nú í síðustu viku, þar sem hljómsveit frá Kanaríeyjum lék fyrir matargesti.

Boðið var upp á mat og drykk að hætti Kanaríeyjamanna við undirleik tríósins „Los 3 Argones", en liðsmenn hljómsveitarinnar höfðu einnig hönd í bagga við matargerðina. Þeir félagar Antonio, Jesus, og Armando hafa leikið saman í 26 ár, og eru þeir mörgum íslenskum ferðamönnum á Kanaríeyjum góðkunnir, því þeir spila fyrir gesti í hellaskoðunarferðum þar, sem margir hafa farið í.

Kanaríeyjavikan stóð yfir frá þriðjudegi til laugardags, en það er stefna hjá veitingahúsinu að hafa alþjóðlegar matargerðarvikur u.þ.b. einu sinni á mánuði. Framundan eru m.a. færeysk og japönsk vika hjá Óperu, en nákvæm tímasetning á þeim hefur ekki verið ákveðin.

Hafnarfjörður:

Hvers vegna var ekið á?

LÖGREGLAN í Hafnarfirði óskar eftir að hafa tal af vitnum, sem gætu upplýst aftanákeyrslu þar í bæ þann 21. október sl.

Óhappið varð um kl. 12 á hádegi miðvikudaginn 21. október. Blá Mitsubishi-bifreið var stöðvuð við gangbraut á Reykjavíkurvegi, á móts við hús númer 66. Cherokee-jeppi, rauður á lit, lenti aftan á bifreiðinni og eru ökumenn ekki sammála um ástæður. Ung stúlka, sem var að ganga yfir brautina, gæti ef til vill upplýst eitthvað um það, eða önnur vitni ef einhver eru. Rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði þiggur allar slíkar upplýsingar með þökkum.

KAFFIHÚSIÐ Í KRINGLUNNI

Myllan Konditorí



Kaffihlaðborð í dag milli kl. 13 og 19





Göngugatan opin

Pianóleikur



Myllan Konditorí